

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 4. febrúar 2026:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um umferðaröryggi við Fylkissel

Lagt er til að ráðist verði í aðgerðir til að auka umferðaröryggi við íþróttahúsið Fylkissel og félagsmiðstöðina Holtið við Norðlingabraut. Afmarka þarf merkta og upplýsta gönguleið yfir bifreiðastæði hússins, milli Norðlingabrautar og Helluvaðs, sem fjöldi skólabarna fer daglega um í tengslum við skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarf. Bæta þarf lýsingu á bílastæðinu og laga tímastillingar svo tryggt verði að stæðið verði vel upplýst kvölds og morgna á meðan starfsemi fer fram í Fylkisseli.